



Það getur verið gaman að semja ljóð sem lítur út eins og upptalning eða listi. Nú átt þú að semja eitt ljóð um það sem angrar þig eða fer í taugarnar á þér. Þú skalt fara yfir þessar leiðbeiningar áður en þú byrjar. Það léttir þér vinnuna.

Uppskrift að ljóðinu *Það sem angrar mig*

- Höfundurinn er að segja lesandanum skoðun sína og jafnvel vekja hann til umhugsunar.
- Ljóðið hefur upphaf og endi eins og saga.
- Í ljóði getur hver lína byrjað á sama orðinu.

Hér er dæmi um ljóð sem þú getur notað sem fyrirmynd:

Það sem angrar mig

Þegar kennarinn segir mér að skrifa ljóð

þegar mamma mín segir mér að fara út með ruslið

þegar systir mín æfir sig á flautuna þegar ég er að horfa á sjónvarpið

þegar pabbi vill fá að sjá fréttir og ég verða að hætta að horfa á þáttinn minn

þegar litla systir mín klípur mig og ég er skammaður fyrir það

þegar ég þarf að standa fyrir framan bekkinn og lesa þetta ljóð.

Þeir sem angra mig	Það sem angrar mig